

**Aðalfundur**  
**Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. fyrir árið 2013**

Fundurinn var haldinn í Fjármálaráðuneytinu við Arnarhvol í Reykjavík, þann 31. ágúst 2014 og hófst kl. 12:00. Mættir eru: Þórhallur Arason fyrir hönd hluthafa og Kjartan Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þar sem hluthafi er einn voru eftirfarandi ákvarðanir teknar skv. 59. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og eru þær bókaðar í fundargerðabók félagsins.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Staðfesting ársreiknings 2013.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðunarfélags.
5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru upp borin.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Skýrsla stjórnar.**

Skýrsla stjórnar lögð fram og samþykkt.

**2. Staðfesting ársreiknings 2013.**

Hagnaður ársins var kr.39.925.861,- og niðurstaða efnahagsreiknings kr.1.375.681.579,- Engar umræður fóru fram um ársreikninginn og var hann staðfestur.

**3. Kosning stjórnar.**

Frestað til framhaldsaðalfundar

**4. Kosning endurskoðunarfélags.**

Frestað til framhaldsaðalfundar

**5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.**

Tillaga var um að greiða hvorki arð né nein framlög í varasjóð og að tap ársins yrði flutt til næsta árs. Það var samþykkt.

**6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.**

Frestað til framhaldsaðalfundar

**7. Önnur mál löglega fram borin.**

Frestað til framhaldsaðalfundar.

Engin önnur mál voru tekin fyrir. Fundi var slitið kl. 12:20.

Kjartan Þ. Eiríksson, fundarritari.